



Stjórn SSH 354. fundur

Mánudaginn 11. október 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða.

Fyrir lágu samningsdrög vegna ofanritaðs sem unnin hafa verið af samráðshópi SSH vegna undirbúnings í tengslum við tilfærslu á málaflokknum til sveitarfélaganna um nk. áramót. Ennfremur lá fyrir minnsiblað framkvæmdastjóra.

Sigurður H. Helgason stjórnarsýsluráðgjafi sat fundinn undir þessum lið og fór yfir samningsdrögin og skýrði.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að samningurinn, með áorðum breytingum í samræmi við umræður á fundinum verði sendur aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og afgreiðslu.

2. Elena verkefnið – styrkir frá Evrópusambandinu vegna grænna samgangna.

Á fundinn mættu Elly Katrín Guðmundsdóttir sviðsstýra og Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjór hjá reykjavíkurborg og kynntu vinnu við undirbúning að umsóknnum til Evrópska fjárfestingabankans vegna græna samgangna, þ.e. lagningu hjólreiðastíga í Reykjavík, vegna undirbúnings að kaupum vistvænna strætisvagna fyrir Strætó bs og undirbúnings framkvæmda við nýja gasgerðarstöð hjá Sorpu bs. Sótt hefur verið um styrk úr „Elena verkefninu“ v. þessarar undirbúningsvinnu.

3. Fjárhagsáætlanir aðildarsveitarfélaganna fyrir 2011

Fyrir lá samantekt framkvæmdastjóra vegna samstarfs sveitarfélaganna á vettvangi SSH við gerð fjárhagsáætlana fyrir 2009 og 2010.

Formaður fór yfir málið.

Umræður.



Niðurstaða:

Samþykkt að stefna að hliðstæðu samstarfi við gerð fjárhagsáætlana fyrir 2011, og kalla til samráðsfunda fjármálastjóra sveitarfélaganna, forstöðumanna fræðslusviða, velferðarsviða, mannauðsstjóra, forstöðumenn byggðarsamlaganna og skíðasvæðanna auk forstöðumanna framkvæmdasviða.

4. Aðalfundur SSH 2010.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra.

Samþykkt að aðalfundur SSH verði haldinn 12. nóvember n.k. í Hlégarði, Mosfellsbæ. Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögu að dagskrá fundarins.

5. Framtíðarsýn vegna samstarfs sveitarfélaganna.

Fyrir lá að skipa undirbúningshóp vegna vinnu við verkefnið sbr. fundargerð 353. fundar.

Samþykkt að formaður stjórnar SSH, formaður borgarráðs auk fulltrúa frá Hafnarfirði og Kópavogi myndi hópinn. Framkvæmdastjóri SSH vinni með hópnum.

Samþykkt að haldinn verði aukafundur í stjórn í næstu viku vegna fjárhagsáætlunarvinnu o.fl. Framkvæmdastjóra falið að finna hentugan fundartíma

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55